



LYFJAEFTIRLIT Í ÍPRÓTTUM

1

KYNNING

Hvað er WADA?

Alþjóða lyfjaeftirlitið (WADA) er alþjóðleg sjálfstæð stofnun sem starfað hefur frá árinu 1999 við að kynna, samræma og hafa eftirlit með baráttunni við lyfjamisnotkun í íþróttum.

WADA sem er stofnað fyrir tilstuðlan íþróttahreyfingarinnar og stjórnvalda er stýrt og fjármagnað með jöfnu framlagi þessara aðila. WADA ber ábyrgð á þróun og útgáfu Alþjóða lyfjareglanna (World Anti-Doping Code).

Hvað eru Alþjóða lyfjareglurnar?

Alþjóða lyfjareglurnar eru grundvallarskjalið sem samþættir reglur er varða lyfjaeftirlitsmálaflokkinn í öllum íþróttum um allan heim. Á reglunum byggir starf íþróttasambanda og opinberra aðila sem vinna að því að íþróttamenn fylgi sömu reglum óháð íþróttgrein, þjóðerni eða landi sem lyfjapróf fara fram í.

Hvernig urðu Alþjóða lyfjareglurnar til?

Alþjóða lyfjareglurnar urðu til eftir umfangsmikið umsagnarferli meðal hlutadeigandi aðila. Meðal þeirra voru íþróttamenn, íþróttasambönd, lyfjaeftirlit margra landa, rannsóknarstofur og opinberir aðilar. Alþjóða lyfjareglurnar voru samþykktar einróma á annarri heimsráðstefnu um lyfjamisnotkun í íþróttum árið 2003 og tóku gildi 1. janúar 2004. Búið var að taka Alþjóðlegu lyfjareglurnar upp að fullu meðal ólympískra sambanda fyrir Ólympíuleikana í Aþenu árið 2004. Endurskoðaðar Alþjóðlegar lyfjareglur voru samþykktar einróma á þriðju heimsráðstefnunni um lyfjamisnotkun í íþróttum árið 2007. Ferillinn við að endursemla lyfjareglurnar tók 18 mánuði og tóku nýju reglurnar gildi 1. janúar 2009.

Hvaða reglur og vinnulag hafa fylgt Alþjóða lyfjareglunum?

Alþjóða lyfjareglurnar útskýra ábyrgðarsvið mismunandi aðila í baráttunni gegn misnotkun lyfja í íþróttum og samþættir stefnur í málaflokknum sem áður voru mismunandi milli landa og íþróttgreina. Alþjóða lyfjareglunum fylgja fimm alþjóðlegir staðlar. Þeir eru: listi yfir bönnuð efni og aðferðir (bannlistinn); alþjóðlegur staðall um lyfjapróf; veiting undanþágna; rannsóknarstofur og persónuvernd og meðhöndlun upplýsinga.



2

HVER GERIR HVAÐ Í BARÁTTUNNI GEGN LYFJAMISNOTKUN?

Myndin neðst á síðunni útskýrir á einfaldan hátt hver gerir hvað samkvæmt Alþjóða lyfjareglunum.

WADA

Með sínu víðtæka hlutverki að kynna, samhæfa og hafa eftirlit með lyfjamisnotkun í íþróttum er WADA mikilvægur þátttakandi í mörgum af lykilþáttum lyfjaeftirlitsins. Má þar nefna rannsóknir ýmskonar, fræðslu, stuðning við ólíka aðila og eftirlit með hvernig Alþjóða lyfjareglurnar eru uppfylltar.

IOC, IPC, Alþjóðleg sérsambönd

Alþjóða Ólympíunefndin (IOC) og Alþjóða Ólympíuhreyfing fatlaðra (IPC) eru ábyrgar fyrir lyfjapröfunum og niðurstöðum lyfjaprófa, þar með talið að refsa þeim sem gerast brotlegir við lög um lyfjamisnotkun, á Ólympíuleikum og Ólympíumóti fatlaðra. Samkvæmt Alþjóða lyfjareglunum ber Alþjóðlegum sérsamböndum að framkvæma lyfjaeftirlit á mótum á þeirra vegum. Þeim ber að prófa íþróttamenn utan keppni, standa fyrir fræðslu um lyfjaeftirlitsmálefni



CAS



Rannsóknarstofur

2 HVER GERIR HVAD Í BARÁTTUNNI GEGN LYFJAMISNOTKUN?

og refsa þeim íþróttamönnum sem gerast brotlegir við reglur um lyfjamisnotkun samkvæmt Alþjóða lyfjareglunum.

Stjórnvöld

Ábyrgð stjórnvalda liggur í því að stuðla að fleiri prófunum og styðja áætlanir um lyfjapróf. Stjórnvöld geta dregið til baka fjárstuðning til aðila sem uppvísir verða að lyfjamisnotkun eða stuðla að henni. Stjórnvöldum ber að berjast gegn framleiðslu og dreifingu ólöglegra efna auk þess sem þau skulu styðja fræðslu og rannsóknir tengdar málaflokknum.

Ólympíunefndir, Ólympíuráð fatlaðra, sérsambönd

Samkvæmt reglum IOC og IPC ber öllum Ólympíunefndum og Ólympíuráðum fatlaðra að taka upp Alþjóða lyfjareglurnar. Reglur alþjóðlegra sérsambanda þurfa að taka fram að öll aðildarsambönd þeirra verði að uppfylla Alþjóða lyfjareglurnar

NADO, RADO

Landslyfjaeftirlitum (National Anti-Doping Organizations, NADO) ber að prófa íþróttamenn sína í og utan keppni, svo og aðra íþróttamenn sem æfa og keppa í landinu. Jafnframt ber þeim að fylgja eftir brotum á lyfjareglum og standa fyrir fræðslu um málaflokkinn. WADA vinnur með undirritunaraðilum í vanþróaðri svæðum heimsins við að koma upp svæðisbundnum lyfjaeftirlitum (Regional Anti-Doping Organizations, RADO) sem bera ábyrgð á framkvæmd lyfjaeftirlits á viðkomandi svæði.

Rannsóknarstofur

Rannsóknarstofur sem greint geta sýni úr lyfjaprófum verða að hafa vottun frá WADA samkvæmt skilyrðum sem sett eru fram í Alþjóðlegum staðli fyrir rannsóknarstofur og skjölum þeim tengdum.

CAS

Alþjóða íþróttadómstóllinn (The Court of Arbitration for Sport, CAS) er æðsta dómsvald í íþróttum. CAS er sjálfstæð stofnun sem vinnur að úrlausn ágreiningsefna í íþróttatengdum málum með málamiðlun eða gerðardómi. Við málarekstur er tekið tillit til þarfa og sérstöðu íþróttanna. WADA hefur heimild til að áfrýja málum vegna lyfjamisnotkunar til CAS (hjá þeim samtökum sem undirritað hafa Alþjóða lyfjareglurnar).



3

HVAÐ ER LYFJAMISNOTKUN?

Lyfjamisnotkun er skilgreind sem eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum á lyfja-reglum:

01. Bannað efni finnst í lífsýni íþróttamanns:

Að bannað efni, eða önnur efni sem gefa til kynna notkun bannaðs efnis, finnst í lífsýni frá íþróttamanni

02. Notkun á bönnuðu efni eða aðferð:

Notkun eða tilraun íþróttamanns til notkunar á bönnuðu efni eða bannaði aðferð

03. Að neita að mæta í lyfjapróf:

Að neita að mæta eða mæta ekki í löglega boðað lyfjapróf án gildra skýr-inga. Að neita að gefa sýni eftir boðun samkvæmt gildandi reglum eða á annan hátt að koma sér undan lyfjaprófun

04. Upplýsingum um dvalarstað ekki skilað eða misst af lyfjaprófi:

Brot á reglum um að vera tiltækur til lyfjaprófunar utan keppni, þar með talið brot á reglum um tilkynningar um dvalarstað og að missa af lyfjaprófi (þ.e.a.s. þrjú brot á reglum um missi af lyfjaprófi og/eða ófullnægjandi upplýsingar um dvalarstað á 18 mánaða tímabili geta talist brot á lyfja-reglum)

05. Fölsun sýna:

Fölsun sýna eða tilraun til að falska einhvern hluta lyfjaeftirlitsferilsins

06. Að eiga bannað efni:

Að eiga eða hafa undir höndum bannað efni eða aðferð

07. Viðskipti:

Viðskipti eða tilraun til viðskipta með bönnuð efni eða aðferð

08. Aðstoð:

Að gefa eða tilraun til að gefa íþróttamanni bannað efni og/eða aðferð. Að aðstoða við, hvetja til, auðvelda, styðja, hylma yfir eða gerast á annan hátt samsekur um athæfi sem felur í sér lyfjamisnotkun eða tilraun til lyfjamis-notkunar



4

BANNLISTINN

Hvaða efni og aðferðir eru bönnuð?

Listi yfir bönnuð efni og aðferðir (bannlistinn), sem gefinn er út árlega af WADA, er alþjóðlegur staðall fyrir hvað bannað er í og utan keppni. Einnig er tekið fram hvaða efni eru bönnuð í tilteknum íþróttagreinum. Nýjustu útgáfu listans er að finna á heimasíðu WADA: www.wada-ama.org. Einnig er hægt að nálgast íslenska útgáfu af bannlistanum á www.lyfjæftirlit.is

Hvað þýðir að íþróttamenn beri „fulla ábyrgð“?

Íþróttamenn þurfa að vera meðvitaðir um að samkvæmt Alþjóða lyfjareglunum bera íþróttamenn fulla ábyrgð á þeim efnum sem finnast í líkamssýnum þeirra. Þetta þýðir að um brot á lyfjareglum er að ræða hvort sem íþróttamaðurinn notaði efni af bannlista af ásetningu eða ekki eða vegna vanrækslu eða annarra mistaka. Því er mjög mikilvægt að íþróttamenn séu upplýstir um bannlistann og aðrar reglur sem gilda.

Hvað annað þurfa íþróttamenn að vita um bönnuð efni og aðferðir?

Íþróttamenn verða að ganga úr skugga um hvaða efni eru bönnuð í þeirra íþróttagrein. Einnig verða þeir að láta lækni sinn vita að þeir séu bundnir af ákveðnum reglum sem gilda um íþróttagrein þeirra. Þeir sem eru í vafa um efnainnihald vöru ættu ekki að taka það inn fyrr en þeir hafa gengið úr skugga um að ekki séu efni á bannlista í henni. Að vita ekki betur er engin málsvörn.

Hvað þarf ég að vita um notkun fæðubótarefna?

Mælt er með fyllstu aðgætni við notkun fæðubótarefna. Afstaða WADA er sú að heilbriggt mataræði sé mikilvægast fyrir íþróttamenn. Notkun fæðubótarefna er áhyggjuefni þar sem framleiðsla og merking slíkra efna er víða án eftirlits. Hætta er á að efni af bannlista geti verið í fæðubótarefnum þó þeirra sé ekki getið í innihaldslýsingu. Í fjölmörgum tilfellum hafa íþróttamenn sem fallið hafa á lyfjaprófi bent á fæðubótarefni sem mögulega skýringu. Að taka fæðubótarefni með ófullnægjandi innihaldslýsingu er engin málsvörn í slíkum málum.

Hvað með veikindi eða sjúkdóma?

Íþróttamenn, eins og aðrir geta verið haldnir sjúkdómum eða veikst þannig að þeir þurfi á lyfjagjöf að halda. Lyfin gætu innihaldið efni af bannlista. Hins vegar er hægt að sækja um undanþágu til lyfjæftirlits viðkomandi íþróttamanns eða alþjóðasambands hans til að nota efni af bannlistanum.

Íþróttamenn sem sækja þurfa um undanþágu til notkunar efna af Bannlista WADA ættu að leita upplýsinga hjá alþjóðasambandi sínu (íþróttamenn sem keppa á alþjóðlegum mótum) eða lyfjæftirliti viðkomandi lands (íþróttamenn sem keppa innanlands).



5

SKILGREININGAR

ADAMS: Umsjónarkerfi lyfjaeftirlits er vefgagnagrunnur fyrir gagnafærslur, geymslu, miðlun og skýrslugjöf. Kerfið er hannað til að aðstoða hagsmunaaðila og WADA í baráttu gegn ólöglegri lyfjanotkun í tengslum við lög um gagnavernd.

Óeðlilegar niðurstöður greiningar: Skýrsla frá rannsóknarstofu eða öðrum viðurkenndum prófunaraðila sem WADA hefur samþykkt, sem greinir í sýni tilvist bannaðs efnis eða myndefni þess eða leiðarmerki (þar á meðal aukið magn eigin efna) eða vísbendingu um notkun bannaðrar aðferðar, í samræmi við alþjóðareglur fyrir rannsóknarstofur og tengd tækniskjöl.

Lyfjaeftirlit: Undirritunaraðili sem ber ábyrgð á samþykkt reglna til að hafa frumkvæði að, framkvæma eða framfylgja einhverjum hluta lyfjaeftirlitsferilsins. Þetta nær til Alþjóða Ólympíunefndarinnar, Ólympíuráðs fatlaðra, annarra stórmótshaldara sem hafa lyfjapróf á mótum sínum, WADA, alþjóðasambanda og lyfjaeftirlita landa.

Aðstoðarfólk íþróttamanns: Sérhver þjálfari, stjórnandi, umboðsmaður, liðsstarfsmaður, lækni, sjúkraliði, foreldri eða annar einstaklingur sem starfar með eða sinnir íþróttamanni í keppni eða við undirbúning fyrir íþróttakeppni.

Tilraun: Meðvituð þátttaka í atferli sem telst efnislegt skref í framferði sem ætlað er að enda með broti á lyfjareglu. Brot á lyfjareglu skal ekki byggjast eingöngu á tilraun til brots ef einstaklingurinn hættir við tilraunina áður en hún uppgötvast af þriðja aðila sem tekur ekki þátt í tilrauninni.

Ódæmigerð niðurstaða: Skýrsla frá rannsóknarstofu eða öðrum aðila sem WADA hefur samþykkt og krefst frekari rannsóknar eins og kveðið er á um í alþjóðareglum fyrir rannsóknarstofur eða tengd tækniskjöl, fyrir úrskurð um óeðlilegar niðurstöður.

Lyfjaeftirlit: Öll skref og ferli, allt frá skipulagningu á dreifingu prófa til lokaúrskurðar um áfrýjun, sem felur í sér öll skref og ferla þar á milli, svo sem ákvæðið um upplýsingu á dvalarstað, sýnatöku og meðhöndlun, greiningu á rannsóknarstofu, undanþágur vegna lækninga, umsjón með niðurstöðum og skýrslugjöf.

Í keppni: Ef ekki er kveðið á um annað í reglum alþjóðasambands eða lyfjaeftirlits, tákna „Í keppni“ tímabilið sem hefst tólf stundum fyrir keppni þar sem íþróttamaðurinn er skráður til leiks, þar til keppninni og sýnatökuferli sem henni tengist lýkur.

Alþjóðlegar reglur: Reglur WADA til stuðnings Alþjóða lyfjareglunum. Fylgi við alþjóðlegar reglur (frekar en aðrar reglur, venjur eða verklag) skal vera nægilegt til að telja megi að verklag samkvæmt alþjóðlegum reglum hafi verið með réttum hætti. Alþjóðlegar reglur skulu ná yfir öll tækniskjöl gefin út samkvæmt alþjóðlegu reglunum.

Landslyfjaeftirlit: Sá aðili landsins sem hefur grundvallarvald og ábyrgð til að samþykkja og framkvæma lyfjareglur, stjórna sýnatöku, meðferð niðurstaðna og umsjón skýrslugjafar, á landsgrundvelli. Þetta getur verið aðili sem margar þjóðir hafa skipað sem svæðislyfjaeftirlit fyrir viðkomandi þjóðir.

Ef til þess bært yfirvald hefur ekki tilnefnt þennan aðila, skal hann vera Ólympíunefnd viðkomandi lands eða fulltrúi hennar.

5 SKILGREININGAR

Án fyrirvara: Lyfjaeftirlit sem á sér stað án fyrirvara gagnvart íþróttamanninum og þar sem fylgst er með íþróttamanninum frá tilkynningu þar til hann hefur veitt sýni.

Utan keppni: Allt lyfjaeftirlit sem ekki er í keppni.

Eignarhald: Raunverulegt, líkamlegt eignarhald, eða jákvætt eignarhald (sem er aðeins ef einstaklingurinn hefur einn umráð yfir hinu bannaða efni eða bönnuðu aðferð eða þeim stað þar sem bannaða efnið eða bannaða aðferðin var til staðar); að því tilskildu að ef einstaklingurinn hefur ekki einn umráð yfir hinu bannaða efni eða bönnuðu aðferð eða þeim stað þar sem bannaða efnið eða bannaða aðferðin er til staðar, þá telst eignarhald aðeins jákvætt ef einstaklingurinn vissi um tilvist hins bannaða efnis/bönnuðu aðferðar og ætlaði sér að hafa umráð yfir því. Að því tilskildu að ekkert brot á lyfjareglu má byggja eingöngu á eignarhaldi, ef, á undan móttöku tilkynningu þess efnis að einstaklingurinn hafi brotið lyfjareglu, hafi einstaklingurinn sýnt með atferli sínu að hann ætli sér ekki að hafa eignarhaldið og kannast ekki við eignarhald og skýrir lyfjaeftirlitinu sérstaklega frá því. Þrátt fyrir annað sem fram kemur í þessari skilgreiningu, teljast kaup (rafræn eða annar háttur) á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð) eignarhald þess aðila sem kaupir.

Bannlisti: Listi yfir bönnuð efni og bannaðar aðferðir.

Bráðabirgðaskýrslugjöf: Grein 7.5 kveður á um flýtta skýrslugjöf samkvæmt grein 8 (Réttur á sanngjarnri skýrslugjöf) sem veitir íþróttamanninum fyrirvara og tækifæri til að skýra mál sitt, munnlega eða skriflega.

Skráður lyfjaprófunarhópur: Hópur íþróttamanna í fremstu röð sem hvert alþjóðasamband og landslyfjaeftirlit skráir sérstaklega og sætir lyfjaprófum bæði í keppni og utan keppni samkvæmt lyfjaprófunarskipulagi alþjóðasambandsins eða lyfjaeftirlitsins. Sérhvert alþjóðasamband skal birta lista yfir þessa íþróttamenn í lyfjaprófunarhópi, sem tilgreinir nöfn þeirra eða auðkennir þá með skýrum, tilgreindum aðferðum.

Fölsun: Breytingar í óviðeigandi tilgangi eða á óviðeigandi hátt; hafa óviðeigandi áhrif; óviðeigandi afskipti til að breyta niðurstöðum eða hindra eðlilegt verklag eða taka þátt í sviksamlegu framferði til að breyta niðurstöðum eða hindra eðlilegan framgang verklagsreglna eða að veita lyfjaeftirliti rangar upplýsingar.

Afmörkuð prófun: Val íþróttamanna í lyfjapróf þar sem ákveðnir íþróttamenn eða hópur íþróttamanna er valinn án slembiaðferðar til prófunar á ákveðnum tíma.

Prófun: Þeir hlutar lyfjaeftirlits sem fela í sér skipulag á dreifingu prófa, sýnistöku, meðferð sýnis og flutning á sýni til rannsóknarstofu.

Viðskipti: Að selja, gefa, veita, flytja, senda, afhenda eða dreifa bönnuðu efni eða bannaðri aðferð (beint eða með rafrænum eða öðrum hætti) af hálfu íþróttamanns, aðstoðarfólks íþróttamanns, eða öðrum einstaklingi sem er undir valdsviði lyfjaeftirlitsins til einhverra þriðju aðila. Þó með þeim fyrirvara að skilgreining þessi felur ekki í sér aðgerðir læknaíðs í „góðri trú“ sem felur í sér bannað efni sem er notað í sönnum og löglegum lækningartilgangi eða hefur aðra ásættanlega skýringu, og felur ekki í sér aðgerðir sem tengjast bönnuðum efnum sem eru ekki bönnuð utan keppni, nema aðstæður í heild sýni að viðkomandi bönnuð efni séu ekki notuð í sönnum og lögmætum læknisfræðilegum tilgangi.



MEÐHÖNDLUN NIÐURSTAÐNA

Hvað gerist eftir greiningu sýnisins?

Rannsóknarstofan sem greinir sýnið tilkynnir samtímis lyfjæfirlitinu sem skipulagði prófið og WADA þegar niðurstaða greiningar liggur fyrir. Rannsóknarstofan hefur engar persónuupplýsingar tengdar sýnunum, eingöngu auðkennisnúmer þeirra.

Ef efni af bannlista finnst í A-sýni þínu framkvæmir lyfjæfirlitið sem stóð fyrir lyfjaprófinu frumrannsókn sem felur í sér að kannað er hvort gild undanþága sé til staðar og hvort farið hafi verið eftir reglum við sýnatöku og greiningu sýnisins.

Ef frumrannsókn leiðir ekki í ljós frávik frá reglum um lyfjaprófið eða greiningu sýnisins er íþróttamanninum tilkynnt skriflega um það og rétt hans til að láta greina B-sýnið. Í framhaldinu getur íþróttamaðurinn verið dæmdur í bráðabirgðabann samkvæmt reglum viðkomandi lyfjæfirlits.

Ákveði íþróttamaður eða viðkomandi lyfjæfirlit að láta greina B-sýnið getur hann eða fulltrúi þeirra verið viðstaddir greininguna.

Staðfesti greining B-sýnisins niðurstöðu A-sýnisins heldur lyfjæfirlitið sem ábyrgt er fyrir prófinu áfram með málið samkvæmt alþjóðlegum reglum. Grundvallaratriði er sanngjörn málsmeðferð. Við meðhöndlun málsins er skorið úr um hvort um brot á lyfjareglum sé að ræða svo og refsing við viðkomandi broti ákvörðuð. Í þeim tilfellum sem greining B-sýnis staðfestir ekki niðurstöðu A-sýnis er sú niðurstaða gerð ómerk, ekki er frekar aðhafst í málinu og bráðabirgðabanni er aflétt.

Í keppni er sjálfkrafa lagt á bráðabirgðabann þegar efni af bannlista greinast í sýnum íþróttamanns (önnur en sérstaklega tilgreind efni). Bráðabirgðabann er lagt á eftir frumrannsókn og eftir að búið er að tilkynna íþróttamanninum um niðurstöðu greiningar.

Lyfjæfirlitum ber að tilkynna opinberlega um brot á lyfjareglum ekki seinna en 20 dögum eftir að við réttarhald hefur verið skorið úr um að um brot á lyfjareglum sé að ræða.

Hvað felur bann vegna brota á lyfjareglum með sér?

Lyfjæfirlitið sem ábyrgð ber á lyfjaprófinu er ábyrgt fyrir að úrskurða um bann vegna brota á lyfjareglum. Íþróttamanni er gefinn kostur á að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að draga úr refsingu, stytta hana eða fá hluta hennar niður felldan.

Refsing vegna brota á lyfjareglum getur verið allt frá áminningu upp í lífstíðar útilokun. Viðurlögin fara eftir tegund brots, málsatvikum í hverju tilfelli fyrir sig, hvaða efni er um að ræða og hvort um fyrsta brot er að ræða. Falli íþróttamaður á prófi teknu í keppni er árangur viðkomandi sjálfkrafa ógildur, einnig missir viðkomandi stig, verðlaun og verðlaunafé ef um slíkt er að ræða. Einnig er hægt að ógilda árangur í þeim mótum sem íþróttamaðurinn hefur tekið þátt í síðan.

Hver getur áfrýjað banni?

Íþróttamaður getur áfrýjað öllum ákvörðunum vegna brota á lyfjareglum. Almenna reglan er að áfrýjað sé til áfrýjunardómstóls í landi íþróttamannsins eða CAS. Ef CAS eða annar áfrýjunardómstóll tekur ekki ákvörðun um annað gildir upprunalegi úrskurðurinn meðan áfrýjunardómstóll tekur málið fyrir.

Ef annað lyfjæfirlit eða WADA áfrýja úrskurði um mál sem tengist íþróttamanninum er ferillinn sá sami. Íþróttamaðurinn hefur alltaf rétt á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við meðferð málsins.



7

LYFJAPRÓF

Hvað eru lyfjapróf?

Lyfjapróf meðal íþróttamanna um heim allan eru framkvæmd samkvæmt Alþjóða lyfjareglunum og Alþjóðlegum staðli um lyfjapróf. Íþróttamenn sem keppa hvort heldur er í heimalandi sínu eða á alþjóðlegum mótum geta átt von á að vera boðaðir í lyfjapróf hvar og hvenær sem er. Þjálfaðir starfsmenn með nauðsynleg réttindi sjá um framkvæmd lyfjaprófanna.

Hverjir stýra lyfjæftirliti meðal íþróttamanna?

Samkvæmt Alþjóða lyfjareglunum ber lyfjæftirlitum að skipuleggja og framkvæma lyfjapróf meðal íþróttamanna í skráðum lyfjaprófunarhópi í og utan keppni. Þar með taldir eru íþróttamenn sem sæta lyfjæftirliti Alþjóðlegra sér sambanda og íþróttamenn sem keppa á mótum innanlands eða utan sem prófaðir eru af lyfjæftirlitum viðkomandi lands. Í einhverjum tilfellum skipuleggur yfirstjórn íþróttamála eða svæðasamtök eftirlit meðal íþróttamanna.

Útbúin er áætlun um fjölda og skiptingu lyfjaprófa milli íþróttagreina þannig að sem mestar líkur séu að koma upp um og fyrirbyggja lyfjamisnotkun. Í áætluninni þarf að gera ráð fyrir prófum í og utan keppni, um getur verið að ræða blóðsýni auk hefðbundinna þvagsýna.

Hvað er prófun í keppni?

Lyfjapróf í keppni eru skipulögð og samhæfð þannig að eingöngu sé einn aðili sem prófar á hverjum viðburði. Ef annað er ekki tekið fram í reglum viðkomandi alþjóðasambands eða mótshaldara hefst tímabil keppni 12 tímum áður en hún hefst og lýkur eftir að keppni og lyfjaprófunarferli í tengslum við keppnina er lokið. **WADA stendur ekki fyrir lyfjaprófum í keppni.**

Ákvörðun um hvernig staðið er að vali íþróttamanna í próf er fyrirfram ákveðin samkvæmt ákvæðum laga viðkomandi alþjóðasambands eða mótshaldara. Yfirleitt er það lyfjæftirlit viðkomandi lands sem sér um lyfjaprófin, nema ef alþjóðasambandið eða mótshaldarinn sé með sína eigin lyfjaprófunaráætlun.

Sýnagjöf fer fram samkvæmt alþjóðlegum staðli um lyfjaprófun. Íþróttamönnum er tilkynnt um að þeir hafi verið valdir í lyfjapróf. Leitað er að efnum sem bönnuð eru í keppni samkvæmt bannlistanum.

Hvað er prófun utan keppni?

Prófun utan keppni eða móta tryggir að íþróttamenn geti verið prófaðir hvar og hvenær sem er.

Hver er ábyrgð íþróttamannsins vegna upplýsinga um dvalarstað?

Íþróttamanni sem valinn er í skráðan lyfjaprófunarhóp ber að skila réttum og nákvæmum upplýsingum um dvalarstað sinn. Slíkra upplýsinga er krafist ársfjórðungslega og þurfa þær að innihalda upplýsingar um búsetu, æfingastað og tíma, fyrirhugaða keppni og aðrar reglubundnar athafnir svo sem skóla og vinnu. Auk þess ber íþróttamönnum í skráðum lyfjaprófunarhóp að tilgreina klukkustund á dag sem hentar sérstaklega vel til lyfjaprófunar og íþróttamaðurinn er ábyrgur fyrir að vera á uppgefnum stað og tíma.

Þrjú brot á reglum um skil á staðsetningarupplýsingum og/eða brot á reglum um missi af lyfjaprófum á 18 mánaða tímabili teljast brot á lyfjareglum og geta orðið til að viðkomandi sé dæmdur í eins til tveggja ára keppnisbann.

Hægt er að krefja íþróttamenn sem ekki eru í skráðum lyfjaprófunarhópi um staðsetningarupplýsingar. Hins vegar er ekki hægt að dæma þá vegna missi af lyfjaprófi samkvæmt Alþjóða lyfjareglunum.

Hverjar eru kröfurnar fyrir íþróttamenn í liðaiþróttum?

Íþróttamenn í liðaiþróttum sem valdir hafa verið í skráðan lyfjaprófunarhóp fylgja sömu reglum um staðsetningarupplýsingar og íþróttamenn í einstaklingsgreinum. Íþróttamaðurinn getur falið þjálfara, umboðsmanni eða öðrum þriðja aðila að skila upplýsingum um staðsetningar. Hins vegar er það alltaf íþróttamaðurinn sem er ábyrgur fyrir því að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar.

Lyfjaprófið í 12 skrefum

Eftirfarandi er yfirlit yfir lyfjaprófunarferlið. Frávik frá þessu ferli ógilda ekki niðurstöðu greiningar nema átt hafi verið við innihaldið. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu WADA www.wada-ama.org eða á heimasíðu lyfjaeftirlits ÍSÍ www.lyfjaeftirlit.is.

01. Val á íþróttamanni

Íþróttamaður getur verið valinn í lyfjapróf hvar og hvenær sem er.

02. Boðun

Lyfjaeftirlitsaðili tilkynnir íþróttamanni að hann hafi verið valinn í lyfjapróf. Íþróttamanni eru kynnt réttindi sín og skyldur, þar á meðal rétturinn til að hafa fylgdarmann með sér í prófinu. Ef um ólögráða eða fatlaðan íþróttamann er að ræða er haft samband við foreldra eða fulltrúa þeirra.

03. Mætt í lyfjaprófunarstöð

Íþróttamanni ber að mæta í lyfjaprófunarstöðina tafarlaust. Lyfjaeftirlitsaðilinn getur gefið leyfi til að seinka komu þangað vegna skuldbindinga íþróttamanns við fjölmörg eða til að ljúka æfingu; hins vegar má viðkomandi ekki hverfa úr augnsýn lyfjaeftirlitsaðilans frá boðun þangað til sýnatöku er lokið.

04. Þvagsýnisglas valið

Íþróttamanni er gefinn kostur á að velja um innsiglað þvagsýnisglas. Ganga skal úr skugga um að innsiglið sé órofið og ekki hafi verið átt við búnaðinn. Íþróttamanninum ber að fylgjast stöðugt með þvagsýnisglasinu.

05. Þvagsýni

Aðeins íþróttamaðurinn og lyfjaeftirlitsaðili af sama kyni mega vera við þvagsýnisgjöfina. Íþróttamenn undir lögaldri og fatlaðir íþróttamenn mega hafa með sér fulltrúa við lyfjaeftirlitsferilinn, á það við um alla hluta ferilsins fyrir utan þvagsýnagjöfina sjálfa. Með því er reynt að tryggja að lyfjaeftirlitsaðilinn geti án truflunar fylgst með þvagsýnagjöfinni.

06. Magn þvags

Lyfjaeftirlitsaðilinn skal ganga úr skugga um, svo íþróttamaðurinn sjái, að lágmarkskrafan um 90 ml. af þvagi sé uppfyllt.

07. Val á öskjum með þvagsýnaglösum

Íþróttamaður fær að velja sér innsiglaða öskju með sýnatökuglösum. Ganga ber úr skugga um að innsiglið sé órofið og ekki hafi verið átt við flöskurnar. Opnið flöskuna og gangið úr skugga um að númerið á flöskunum, loki þeirra og öskjunni sé það sama.

08. Sýninu skipt

Íþróttamaðurinn skiptir sýninu sjálfur. Sé aðstoðar þörf vegna fötlunar getur hann gefið fylgdarmanni eða lyfjaeftirlitsaðilanum leyfi til að hella fyrir sig. Hella ber að lágmarki 30 ml. af þvagi í B sýnisflöskuna og afgangnum í A sýnisflöskuna. Íþróttamaðurinn er beðinn um að skilja örflíðið eftir í glasinu svo hægt sé að mæla eðlisþyngdina.

09. Sýni innsiglað

Íþróttamaður innsiglar sýni sitt með því að skrúfa tappann á A- og B-sýnaflöskurnar. Lyfjaeftirlitsaðilinn og fylgdarmaður skulu staðfesta að báðar flöskur séu örugglega innsiglaðar.

10. Mæling eðlisþyngdar

Lyfjaeftirlitsaðili mælir eðlisþyngd sýnisins. Standist sýnið ekki lágmarkskröfur er íþróttamaðurinn beðinn um að gefa annað sýni.

11. Útfylling lyfjaeftirlitseyðublaðsins

Gefa þarf upp á lyfjaeftirlitseyðublaðinu þau lyf og fæðubótarefni sem tekin hafa verið síðustu vikuna. Íþróttamanninum gefst einnig færi á að koma með sínar athugasemdir við framkvæmd lyfjaprófsins. Ganga þarf úr skugga um að allar upplýsingar séu réttar, sérstaklega þarf að athuga að númer þvagsýnisglasanna hafi verið rétt skráð. Íþróttamaður fær afrit af eyðublaðinu. Athugið að engar persónugreinanlegar upplýsingar séu á afritinu sem fylgir sýninu til rannsóknarstofunnar.

12. Greining sýnanna

Gengið er frá sýninu til sendingar þannig að öryggi þeirra sé tryggt. Greining sýna fer fram hjá rannsóknarstofu með vottun frá WADA. Ber rannsóknarstofunum að fara eftir Alþjóðlegum staðli um rannsóknarstofur við greiningu sýnanna þannig að öryggi þeirra sé ávallt tryggt.

A-sýnið er greint en B-sýnið geymt á öruggan hátt, er það einungis gert til að staðfesta greiningu A-sýnis innihaldi það efni af bannlista. Rannsóknarstofan tilkynnir niðurstöðu greiningar til lyfjaeftirlitsins sem skipulagði prófið og WADA.

Hvað með blóðsýni?

Sömu reglur eiga við um blóð- og þvagsýni gagnvart boðun, undirritun íþróttamanns, fylgdaraðila og útskýringar á ferlinu.

Hvaða aðlaganir eru leyfðar fyrir ólögráða og fatlaða íþróttamenn?

Ef íþróttamaður er undir lögaldri eða sé hann fatlaður getur þurft að gera minniháttar aðlaganir á sýnatökuferlinu.

Ólögráða íþróttamenn geta haft fylgdarmann með sér í öllu lyfjaprófunarferlinu, þar með talið þar sem þvagsýnagjöf fer fram, hins vegar má viðkomandi ekki verða vitni að sýnagjöfinni sjálfri. Ef íþróttamaðurinn ákveður að biðja ekki um fylgdaraðila með sér getur lyfjaeftirlitið eða lyfjaeftirlitsaðili beðið um að þriðji aðili fylgi viðkomandi.

Sé íþróttamaður með skerta hreyfigetu eða hreyfistjórn getur hann beðið þann sem fylgir viðkomandi í lyfjaprófið eða lyfjaeftirlitsaðilann um aðstoð við meðhöndlun búnaðarins, skiptingu þvagsýnis í þvagsýnaflöskur eða útfyllingu eyðublaða.

Hægt er að bjóða íþróttamönnum með verulega skerta hreyfigetu upp á stærri þvagsýnisglös ef þau eru til staðar.

Íþróttamenn með skerta sjón geta haft fylgdarmann með sér í öllu ferlinu. Hins vegar má viðkomandi ekki fylgjast með þvagsýnagjöfni sjálfri. Fulltrúi íþróttamannsins eða lyfjaeftirlitsaðilinn geta lesið upp af lyfjaeftirlitseyðublaðinu og íþróttamaðurinn getur beðið um að þeir undirriti fyrir sína hönd.

Greindarskertir íþróttamenn geta haft fylgdarmann með sér í öllu ferlinu. Hins vegar má viðkomandi ekki fylgjast með þvagsýnagjöfni sjálfri.

Íþróttamenn sem nota uridom tengt við þvagpoka eða nota innliggjandi þvaglegg þurfa að fjarlægja uppsafnað þvag og hreinsa búnað svo hægt sé að safna nýju þvagi.

Íþróttamenn sem nota hreina reglubundna blöðrutæmingu með þvaglegg nota eigin búnað við þvagsýnistökuna, eða nota búnað sem lyfjaeftirlitið útvegar ef slíkt er í boði.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Óskir þú frekari upplýsinga geturðu haft samband við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands.

S. 514-4000 – www.isi.is – lyfjaeftirlit@isi.is

Nánari upplýsingar um eftirtalin atriði er hægt að nálgast á heimasíðu WADA www.wada-ama.org.

Einnig er hægt að nálgast þær í íslenskrri þýðingu á heimasíðu lyfjaeftirlits ÍSÍ www.lyfjaeftirlit.is

- **Alþjóða lyfjareglurnar**
- **Bannlistinn og aðrir alþjóðlegir staðlar**
- **Upplýsingar um undanþáguferlið og framkvæmd lyfjaeftirlits.**
- **Spurningaleikur um lyfjaeftirlitsmálaflokkinn**

Vinsamlega athugið að breytingar geta orðið fyrirvara-laust á reglum sem gilda. Sé ósamræmi milli upplýsinga í þessu riti og Alþjóða lyfjareglunum gilda þær. Hafið samband við sérsamband ykkar eða Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands til að nálgast nýjustu upplýsingar um málaflokkinn.

Leiðbeiningar til íþróttamanna 5. útgáfa.
Í gildi frá 1. janúar, 2009.



In partnership with

